

Komið þið sælir sveitungar góðir!

Elísabet heiti ég og bý í Heiðarbóli, í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga finnst mér upplagt að nýta þessa ágætu leið og leyfa ykkur að vita af áhuga mínum á málefnum sveitarfélagsins okkar.



- Örstutt um mína hagi: ég er fædd árið 1975, er gift Sveini H Steingrímssyni frá Heiðarholti, samtals eigum við 5 börn, fjóra uppkomna drengi og stúlku á grunnskólaaldri, nú eru 11 ár síðan við byggðum Heiðarból og fluttumst á Svalbarðsströndina.
- Ég er menntuð í myndlist og er nú í námi í Ferðamálafræði við Háskólann á Hólum.
- Ég hef unnið ýmis störf m.a. við landbúnað, við eigin búrekstur og annarra, í prentsmiðju, á ljósmyndastofu og heimaþjónustu. Undanfarin tvö ár hef ég starfað við Álfaborg/Valsárskóla í forföllum kennara sem og annarra starfsmanna og á Hótel Natur við þrif, matreiðslu og framreiðslu.
- Auk þessa hef ég verið með „Skapandi Samveru“ sumarnámskeið fyrir börn í skapandi starfi tengdu náttúrunni í kringum Heiðarból. Þá hef ég staðið fyrir og tekið þátt í listverkefnum og viðburðum og haldið sýningar ein eða með öðrum.
- Ég hef verið aðalmaður í skólanefnd Svalbarðsstrandarhrepps frá 2011 og í vetur var ég verkefnastjóri í gerð umhverfisáætlunar fyrir sveitarfélagið í samvinnu við umhverfis- og atvinnumálanefnd.
- Ég hef m.a. gengt stjórnarstörfum í Íshökkídeild Skautafélags Akureyrar, Gilfélaginu og Kvenfélagi Svalbarðsstrandar.

Mitt álit er að íbúar hvers samfélags eigi að láta sig málefni þess varða, hvort sem er til að lýsa yfir ánægju og styðja við góð verkefni, veita nýjum brautargengi eða láta rödd sína heyrast þar sem hugsanlega má betur fara. Íbúarnir eru þeir sem skapa samfélagið og verkefni sveitarstjórnar er að vinna að hinum margvíslegu málefnum því til framdráttar varðandi bæði íbúa og atvinnuveg. Það þarf að hlúa að skólasamfélaginu okkar áfram sem og íbúum á öllum aldri, fjölga þeim og stuðla að nýtingu skipulagðra lóða svo rekstrargrundvöllur verði jafnvel enn betri. Úrbætur í umhverfismálum með hvatningu til íbúa og auknu frumkvæði s.s. að sjálfbærum og vistvænum lífsstíl, bætt aðgengi að útivistarsvæðum í sátt við lífríki og umhverfi svo lýðheilsan megi blómstra.

Svalbarðsströnd er sveitarfélag í sókn og ég vil gjarnan leggja fram hugmyndir mínar og krafta til uppbyggingar þess með sæti í sveitarstjórn.

Með bestu bestu kveðjum Elísabet Inga Ásgrímsdóttir

S: 8631279

heidarbol@gmail.com